

Áætlun um öryggi og heilbrigði

INNGANGUR

Tilgangur með gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði er að fyrirbyggja og draga úr áhættu á slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni sem starfsfólk getur orðið fyrir við störf sín. Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði felur í sér sérstakt áhættumat, áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem í samræmi við niðurstöður áhættumatsins leiða til úrbóta og eftirfylgni að úrbótum loknum. Með áætlun um öryggi og heilbrigði viljum við tryggja sem best vellíðan allra okkar starfsmanna. Áætluninni skal framfylgja í daglegri starfsemi skólans þannig að vinnuverndarstarfið sé órjúfanlegur þáttur starfseminnar. Árangur af hinu kerfisbundna áhættumati verður metinn reglulega og úrbætur gerðar eftir því sem niðurstöður árangursmatsins gefa tilefni til. Áætlunin um öryggi og heilbrigði verður gerð aðgengileg á heimasíðu skólans. Samkvæmt reglum um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum (nr. 920/2006) sem byggja á Vinnuverndarlögunum (nr. 46/1980) ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð er áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Samkvæmt lögunum skal áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað fela í sér að gert er sérstakt áhættumat sem gefur gott yfirlit yfir heilsufarslega áhættu- og álagspætti. Jafnframt skal tilgreina forvarnir, sem byggja á áhættumatinu til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á heilsutjóni og áætlun um eftirfylgni.

Lög og reglugerðir

Viðmið sem stuðst er við í áhættumati byggja á vinnuverndarlögunum (nr. 49/1980) og reglugerðum sem eiga við þá starfsemi sem fer fram í skólanum. Notaðir voru vinnuumhverfisvísar sem eru gátlistar sem er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Gátlistarnir eru sérstaklega hannaðir til þess að finna hættur í vinnuumhverfinu. Notast er við sérstaka útgáfu gátlistans fyrir skóla.

Lög og reglur sem eiga við starfsemi skólans eru m.a.:

- [Lög nr. 46/1980](#) Vinnuverndarlögin (lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum).
- [Reglugerð nr. 920/2006](#) Reglugerð um skipulag og framkvæmdir vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.
- [Reglugerð nr. 581/1995](#) Reglur um húsnæði vinnustaða
- [Reglugerð nr. 921/2006](#) Reglur um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum
- [Reglugerð nr. 498/1994](#) Reglur um skjávinnu
- [Reglugerð nr. 499/1994](#) Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar
- [Reglugerð nr. 1009/2015](#) Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

- [Reglugerð nr. 553/2004](#) Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.
- [Reglugerð nr. 931/2000](#) Reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti

Byggingareglugerð Lög og reglur er að finna á [heimasíðu Vinnueftirlitsins](#).

Samantekt á niðurstöðum áhættumats

Uppfært áhættumat skólans var framkvæmt þann 10. október 2023 af húsverði og öryggistrúnaðarmanni. Kerfisbundið er unnið að vinnuverndarstarfi í skólanum þar sem áhættumat er unnið og gátlistar uppfærðir. Ítarlegt skjal sem nefnist *Viðbragðsáætlun FL* er aðgengilegt á heimasíðu skólans og hefur að geyma helstu verkferla og tengilið þegar ýmis vá steðja að. Eftirlit með vinnuvernd og áhættumati er í höndum skólameistara.

Hollustuhættir

Heilnæm lífsskilyrði og umhverfi eru mannum lífsnauðsynleg. Hollustuhættir snerta allt okkar daglega líf, allt frá því hversu heilsusamlegt húsnæðið er sem við dveljum í til almenns hreinlætis, loftgæða innandyrna sem og hljóðvistar, og umhverfi þeirrar þjónustu sem við njótum. Hollustuhættir eiga einnig að tryggja að gæludýr í íbúðum á vegum skólans séu haldin þannig að þeim fylgi ekki hávaði, ónæði, óhollusta eða óprífnaður.

Stjórnvöld hafa ýmis stjórnþæki til að tryggja hollustuvernd almennings sem best. M.a. er rekstur heilbrigðiseftirlits lögbundinn um land allt og starfa heilbrigðisfulltrúar á tíu eftirlitssvæðum um allt land.

Vinnurými

Vinnurými starfsfólks er fullnægjandi að stærð og aðstöðu hvort sem horft er til kennslurýma eða annarra vinnurýma starfsfólks. Lögð er áhersla á að aðlaga hvert vinnurými til að auðvelda störf starfsmanna, auka aðgengi og þægindi til verkefnavinnu.

Inniloft

Hitastig í skólanum er almennt gott og áhersla er lögð á að loftun sé sem best. Þannig er passað uppá að loka helst aldrei öllum gluggum til að tryggja góða endurnýjun og hreyfingu innilofts. Bæta þarf úr loftræstingu í ræstirými á neðri hæð í Dvergasteini.

Efni og efnaáhrif

Varasöm og hættuleg efni eru ávallt geymd í læstri geymslu. Þetta á sérstaklega við í efnafræðistofu í Álfasteini. Gott aðgengi að sturtum á sömu hæð og stofan og því hægt að bregðast við fljótt ef þurfa þykir.

Lýsing

Lýsing er almennt góð í skólanum bæði m.t.t. dagsbirtu og raflýsingar. Nýlega er búið að endurnýja öll ljós í íþróttasalnum og verið að skipta um í lyftingarsal í kjallara íþróttahússins. Það á þó eftir að klára framkvæmd við lýsingu í Þróttó. Áætlað er að gera það sem fyrst.

Hávaði

Í skólanum er nokkuð gott næði þó huga mætti betur að hljóðvörnum í stærri vinnurýmum eins og sal og Þróttó. Bókasafnið nýtist vel fyrir þá sem vilja sækja í algert næði. Mikilvægt er að huga að fræðslu um raddvernd fyrir starfsfólk en vinnurými eru almennt lítil og nemendafjöldi ekki hár.

Verkstöður – líkamlegt álag

Unnið hefur verið að því að bæta verkstöður kennara og nemenda með tilliti til líkamsbeitingar. Stillanleg borð eru komin í öll vinnurými kennara, skólustjórnenda, skrifstofufólks og stoðþjónustu. Nemendur hafa aðgang að eigin vinnuborði með stillanlegum stól. Þá hafa nemendur aðgang að vinnuborði þar sem hægt er að standa við en það mætti vera stillanlegt. Þá vantar stillanlegt vinnuborð inn til ritara. Léttitæki eru til staðar til að auðvelda burð milli hæða en mætti nota meira.

Félagslegur og andlegur aðbúnaður

Starfsfólk vinnur mjög náið saman og gott aðgengi er að skólameistara fyrir starfsfólk. Kennarafundir eru haldnir vikulega og í upphafi hverrar viku sendir skólameistari út upplýsingapóst á alla starfsmenn þar sem farið er yfir starfsemi komandi viku þannig allir eru upplýstir um verkefni sem framundan eru. Stöðugt má bæta félagslegan og andlegan stuðning við starfsfólk, muna eftir hrósi fyrir vel unnin störf og styðja við og grípa inni ef starfsmaður þarf aðstoð.

Vinnutími

Vinnutími starfsmanna er breytilegur eftir eðli, starfslýsingu og ráðningarsamningi. Lögð er áhersla á rými milli anna til að vinna að verkefnum og aðbúnaði í skólanum milli þess sem nemendur eru í húsi yfir veturinn eða á sumrin í endurmenntun. Tækifæri til sí- og endurmenntunar eru breytileg eftir kjarasamningum starfsfólks en hvatt er til að starfsfólk sækji sér slíka menntun.

ÖRYGGI

Áætlun um öryggi á vinnustað er mikilvægur þáttur í markvissu vinnuverndarstarfi. Tilgangur hennar er að gefa gott yfirlit yfir þær hættur sem eru á vinnustaðnum og hvernig hefur verið brugðist við þeim með forvörnum. Hún

inniheldur einnig áætlun um frekari ráðstafanir svo unnt sé að koma í veg fyrir hætturnar eða draga úr þeim svo sem kostur er.

Húsnæði og umhverfi

Húsnæði skólans er nokkuð aðgengilegt hvaðan sem komið er að en vankantar eru á aðgengi fyrir hjólastóla á Draugasteini, Dvergasteini og Álfasteini. Þá þarf að setja lyftu úr andyri Gamla skóla upp á 1. hæð. Við áætlaðar framkvæmdir í Dvergasteini væri nauðsynlegt að bæta aðgengið inn í húsið með rampi.

Rýmingarleiðir eru til staðar og viðbrögð æfð. Rýmingaráætlun er til staðar og sífellt í endurskoðun. Hjartastuðtæki og súrefni er aðgengilegt í íþróttahúsinu og brunakerfi og slökkvibúnaður yfirfarinn reglulega.

Persónuhlífar

Viðeigandi persónuhlífar, s.s. gleraugu, sloppar, svuntur og heyrnarhlífar eru til staðar.

Aðbúnaður

Starfsmannarými

Kaffistofa og snyrtingar fyrir starfsfólk er á 2. hæð í Gamla skóla og vinnuaðstaða kennara. Þá er aðstaða til fataskipta í íþróttahúsinu. Skrifstofa ritara er á 1. hæð í Gamla skóla ásamt matsal.

Ræstiklefi/klefar

Ræstiklefar eru til staðar með góðu aðgengi í öllum húsum.

Eftirfylgni

Til að vinnuverndarstarf skólans verði virkt er nauðsynlegt að farið sé yfir áætlun um öryggi og heilbrigði ásamt áhættumati árlega og/eða alltaf þegar breytingar verða á starfseminni (reglur nr. 920/2006 um skipulag vinnuverndarstarfs í fyrirtækjum). Eftirfylgni er á ábyrgð atvinnurekenda. Mikilvægt er að allt starfsfólk taki virkan þátt í vinnuverndarstarfinu og fylgist vel með hverju því sem áhrif hefur á líðan, heilsu og öryggi starfsfólks. Tilkynna skal til skólameistara ef vart er við eitthvað sem betur má fara í vinnuumhverfi og varðar líðan og öryggi starfsmanna.

Aðgerðaráætlun

Þessi áætlun verður lögð fyrir skólastjórnendur til samþykkis og síðan birt á heimasíðu skólans. Áætlunin gildir fyrir skólaárið 2024 og stefnt að uppfærslu að ári liðnu.